



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Kristnihátíð í Reykjanesbæ
2. apríl 2000**

Biskup
Heiðruðu hátíðargestir

Fyrir okkur sem erum svo lánsöm að alast upp í íslenskum sjávarplássum, við brimið sem ber bryggjurnar og biðina eftir að sjómennirnir komi heilir heim er frásögnin um frelsarann og fiskimennina nánast eins og saga úr heimabyggð, tengd lífsbaráttu og samkennd fólksins sem lengi hefur lifað með sjónum.

Það er eitthvað svo íslenskt við samræður Jesú og bræðranna Símons og Andrésar, og reyndar einnig Jakobs og Jóhannesar. Hinir fyrri að kasta netum í vatnið þegar Jesú býður þeim að fylgja sér og hinir í bátnum að gera netin klár. Boðskapur fagnaðarerindisins nálægur og ljós. Þeir eru okkar menn, hvunndagshetjur sem fara beint úr atinu til að fylgja frelsaranum um óráðinn veg.

Og kannski er skilningur okkar skarpastur, lotningin dýpst, þegar við heyrum lýsingu Markúsarguðspjalls á storminum mikla, ágjöfin slík að báturinn fylltist.

Lærisveinarnir vöktu Jesú í ofboði og spurðu óttaslegnir:
„Hirðir þú ekki um að við förumst?“

En líkt og góður skipstjóri sem vald hefur á skipi sínu sýndi hann stillingu í óveðrinu, og því næst mátt sinn.

Hann vaknaði, hastaði á vindinn og sagði við vatnið: „Þegi þú, haf hljótt um þig!“ Þá lægði vindinn og gerði stillilogn. Og hann sagði við þá: „Hví eruð þér hræddir, hafið þér enn enga trú?“ En þeir urðu miklum ótta lostnir og sögðu hver við annan: „Hver er þessi? Jafnvel vindur og vatn hlýða honum.“

Þessi texti Markúsarguðspjalls og aðrar frásagnir Biblíunnar um samfylgd frelsarans og fiskimanna hafa verið okkur Íslendingum sönnun þess að fagnaðarerindið er í reynd saga okkar og líf. Að barátta fyrir brauðinu, sjósókn í grimnum veðrum væri sömu ættar og æviskeið lærisveinanna sem fyrir nær 2000 árum urðu fyrstir til að fylgja Kristi.

Örlög sjómanna á Suðurnesjum, lífsbarátta og fórnir sem snerta hjartarætur sérhverrar fjölskyldu, óvissa og örvænting; allt á það rætur í þeim sama garði trúar og vonar og guðspjöllin lýsa í knappri frásögn.

Við Íslendingar höfum í þúsund ár séð okkur sjálf, túlkað líf okkar og tilveru með vísan í frásögn Biblíunnar, baráttu frelsarans, upprisu hans og eilíft líf.

Um langan aldur hafa kirkjurnar hér á Suðurnesjum verið staðfesting þess að boðskapur Krists öðlast sérstakt gildi, nær djúpu jarðsambandi þegar hann snertir lífsreynslu sóknarbarna sem sitja þétt á gömlum bekkjum, hlýða á ritningarlestur og ræðu prestsins.

Það er samtvinnan fagnaðarerindis og eigin lífsreynslu sem gert hefur kristnina svo samofna íslenskri menningu og þjóðarvitund að saga þjóðarinnar og saga kirkjunnar eru tvær máttugar greinar á sama meiði.

Kristnihátíð er því einnig áminning um að kjölfesta kristindóms um breiðar byggðir hefur hvorki verið í hátimbruðum húsum né tilskipunum valdsmanna, heldur í bænum sem fluttar eru í heimahúsum, við borðstokkinn og á bæjarhellu. Fegursta musterið hefur verið í brjósti sérhvers sannkristins manns, í þeirri einföldu barnatrú sem byggir brú milli eigin tilveru og þeirra frásagna sem finna má í heilagri ritningu.

Kristnihátíð er lofsöngur, óður til þeirrar heitu og staðföstu trúar á lífið sem fagnaðarerindið hefur kynt í brjóstum fólksins í litlum bæjum og byggðum með sjóinn á aðra hönd; fjöllin og hraunið á hina. Hún er dýrðaróður til helgidómsins þar sem fólkíð fann samstöðu sína og samlíðan með náunganum, kjark og þor til að sigrast á erfiðleikum sem ávallt hafa fylgt búsetu hér á nesjunum, ekki aðeins nú heldur líka fyrrum, í árþúsund frá kristnitöku til nútíðar.

Langt þarf að leita í veröldinni til að finna slíka verkstöð sköpunarinnar, slíkt sýnishorn af kraftbirtingu guðdómsins í sjálfri náttúrunni og hér getur að líta á Reykjanesi.

Eldgjár og hraunbreiður, gufuhverfir og grágrænn mosinn að þekja smátt og smátt í þúsund ár hina svörtu auðn; stafróf litanna í eilífum leik við ljós og birtu.

Genesis – fyrsta bók Móse hefur fylgt kristninni á langri vegferð, frá göngu frelsarans um landið helga milli vatna og þorpa, um Galileu til Jerúsalem; frásögnin um upphaf lífsins, um myrkrið sem grúfði yfir djúpunum og sköpunarvilja Guðs; um ljósið sem lífið gefur, birtuna, morguninn, hinn fyrsta dag.

Kynslóðin sem nú ræður för í ríkjum heims – í viðskiptum og vísindum, stofnunum valds og menningar, kirkjum og trúarsöfnuðum – er hin fyrsta frá sköpun heimsins sem öðlast hefur þá getu sem í helgri bók er ætluð almættinu einu, getu til að skapa dómsdaginn sem engu eirir, getu til að tortíma lífi og heilsu, náttúrugæðum, vistkerfinu öllu, hvort heldur er með afli þeirrar ógnar sem fyrst var hleypt úr böndum í Hiroshima eða með hægfara breytingum á lífríkinu sjálfu, með menguninni sem framförum fylgir, breytingum á fari veðurs og loftlags, hita og sjávarborðs um veröld víða.

Við erum fyrsti ætliðurinn frá upphafinu í aldingarði sem stendur líkt og Guð sjálfur á fyrsta degi, veljum líkt og hann milli ljóss og myrkurs, dags og nætur, lífs eða auðnar.

Það er tækni mannsins og umsvif öll sem nú hafa sett sköpunarverkið á vogarskálar og spurt mun verða til hins efsta dags: Hvað gerði ég? Hvar varst þú? Hvað gerði kirkjan og samfélag kristninnar allt?

Verður hljómkviða náttúru og lífríkis, mannlífs og eilífrar endurnýjunar sem við höfum tekið í arf sú dýrðargjöf sem afkomendur okkar munu heiðra og þakka þegar að nýju verður komið að vegamótum árpúsunda og horft verður tíu aldir aftur til okkar tíma? Eða glötum við gjöfinni stóru sem Guð gaf, veröld ljóss og lífs.

Á slíkum krossgötum valds og vafa stöndum við kristnir menn þegar saman fara þúsund ára saga íslenskrar kirkju og tvö þúsund ár frá fæðingu frelsarans, leiðtogans sem boðaði skylduna að gjöra öðrum það sem við vildum að þeir okkur gerðu.

Ég færi ykkur alúðarþakkir fyrir samverustund á sögulegum degi og vona að Kristnihátíð verði okkur og þjóðinni allri ríkulegur efniviður í umhugsun um leið og við óskum kristni og kirkju, íslenskri þjóð heilla og velfarnaðar um ókomna tíð.